SAMKOMULAG UM AFNOTARÉTT Í ÞJÓÐLENDU

Sveitarstjórn Rangárþings ytra fyrir hönd Rangárþings ytra kt. 520602-3050 og forsætisráðuneytið fyrir hönd forsætisráðherra, kt. 550169-1269 gera með sér svohljóðandi samkomulag um lóðarréttindi fyrir lóðina S-2 í Hvanngili lnr. 225660 í þjóðlendunni *Rangárvallaafrétti,* lnr. 219245 í Rangárþingi ytra:

1. gr.

Með úrskurði óbyggðanefndar frá 10. desember 2004 í málinu nr. 3/2003 var fjallað um mörk þjóðlendna í fyrrum Rangárvallahreppi, nú í Rangárþingi ytra og sagði þar meðal annars:

„Úr Hæringsfelli í hæsta tind Tindfjallajökuls (Ými) og þaðan í Hvítmögu við Faxatagl. Hvítmaga ræður þar til hún rennur í Markarfljót, Markarfljót að Kaldaklofskvísl og Kaldaklofskvísl að Bláfjallakvísl og svo fylgir línan Bláfjallakvísl austan Bláfjalla að upptökum hennar í Mýrdalsjökli. Þaðan liggur línan inn á jökulinn þar til kemur að skurðpunkti línu sem dregin er frá Mælifelli, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, til suðvesturs inn á jökulinn í stefnu á upptök Fúlalækjar, við suðvestanverðan jökulinn, við línu sem dregin er úr Entu (1347 m), í norð- vestanverðum Mýrdalsjökli, í Huldufjöll (730 m), í suðaustanverðum jökulinum. Úr skurðpunktinum fylgir línan svo hinni fyrrnefndu í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan liggur línan í hæsta punkt á Meyjarstúti, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna) og þaðan í há-Torfajökul. Úr há- Torfajökli liggur línan í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugilsbotn. Úr Ófærugilsbotni liggur línan í Rauðöldur, þaðan í Stóraskógsbotna, þaðan í Fálkahamar, þaðan í Pálsstein, þaðan í Rauðkoll, þaðan í vörðu sem er uppi á háhraunsbrúninni (Háhraunsnef), þaðan í beina stefnu á Hraunháls, þar sem Reiðskarð heitir vestur af Hafrafelli og þaðan í beina stefnu suðaustur að Eystri-Rangá í gil, sem kemur niður úr Rauðnefsstaðafjalli næst fyrir innan Aurmýri. Þaðan liggur línan eftir Eystri-Rangá í Valá og svo eftir Valá í Vondugil í Stóra-Valagili. Þaðan liggur línan í hæsta punkt í Efridalabrún og þaðan í Hæringsfell. Sama landsvæði, sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað þjóðlenda, að undanskildu landsvæði á Mýrdalsjökli, þ.e. Rangárvallaafréttur, að undanskildum landsvæðum á Tindfjallajökli og Torfajökli, er afréttur jarða í fyrrum Rangárvallahreppi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.“.

Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Sama landsvæði, sem að framan hefur verið lýst og úrskurðað þjóðlenda, að undanskildu landsvæði á Mýrdalsjökli, þ.e. Rangárvallaafréttur, að undanskildum landsvæðum á Tindfjallajökli og Torfajökli, er afréttur jarða í fyrrum Rangárvallahreppi.

2. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nr. 58/1998 þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu og séu afnot til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Þá þarf leyfi ráðherra fyrir notum á vindorku og á vatns- og jarðhitaréttindum innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum sbr. 2. mgr. 3. gr.

Í 4. mgr. 3. gr. segir að ráðherra sé heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. 3. gr. og með sama hætti sé sveitarstjórn heimilt að fengu samþykki ráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. 3. gr.

Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. 3. gr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna eftir nánari ákvörðun ráðherra og tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. 3. gr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þjóðlendna samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Heimildir skv. 2. og 3. mgr. taka ekki til réttinda sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum. Leiði afnot til skerðingar á eignarréttindum sem aðrir eiga í þjóðlendunni getur viðkomandi krafist bóta úr hendi leyfishafa.

3. gr.

Innan þjóðlendunnar „Rangárvallaafréttur“ hefur verið stofnuð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands lóðin „Hvanngil S2“ með landeignanúmerið L225660. Á lóðinni er eitt skráð mannvirki í eigu Ferðafélags íslands sem hefur verið nýtt á undanförnum árum til reksturs ferðaþjónustu á hálendinu. Sjá nánar upptalningu á mannvirkjum í 4. gr. Lóðin er 1092 m² að stærð og fasteignanúmer hennar er F2365440. Fyrir liggur samþykkt lóðablað af lóðinni í formi deiliskipulags dags. 7.9.2010, sjá fylgiskjal A.

Hnit lóðarinnar eru:

Nr.	Austur	Vestur
15.	489676.83	369922.24
17.	489686.80	369881.44
18.	489712.06	369887.61
19.	489702.08	369928.41

Svæðið við Hvanngil er skilgreint í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem *afþreyingar- og ferðamannasvæði* AF22.

4. gr.

Á lóðinni eru eftirtalin mannvirki skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár:

Mhl.	**Tegund**	**Bygg ár**	**Annað**
01	Skáli	1963	0,0 m²

Deiliskipulag fyrir Hvanngil liggur fyrir dags. 7.9.2010 þar sem gert er ráð fyrir að sé rekið tjaldsvæði og seld gisting til útleigu í þremur gistiskálum fyrir alls 60 manns auk veitingasölu auk gistiplássa fyrir skálaverði og snyrtingu.

5. gr.

Rangárþing ytra fer með umráð lóðarinnar og skuldbindur sig til þess að fara með eignina á þann hátt sem samrýmist viðteknum venjum og umgengni og í samræmi við lög og reglur sem við geta átt.

Almenningur skal eiga umferðarrétt um lóðina.

6. gr.

Sveitarfélagið ber allan kostnað af viðhaldi og umhirðu aðkomuvegar að lóðinni.

7. gr.

Rangárþingi ytra er óheimilt að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum í heild eða hluta. Sveitarfélaginu er þó heimilt að leigja tímabundið til þriðja aðila (rekstraraðila) lóðarréttindi skv. samkomulagi þessu með þeim afnotarétti sem í yfirlýsingu þessari felast, að undangenginni almennri auglýsingu.

8. gr.

Skjal þetta er undirritað í fjórum eintökum. Rangárþing ytra lætur skrá yfirlýsingu þessa í fasteignaskrá og þinglýsir henni á eigin kostnað.

Hellu, 15. febrúar 2022

_____	_____
f.h. Rangárþings ytra	forsætisráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins sbr. 2.-4. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu:

_____kt._____

_____kt._____

Fylgiskjal með yfirlýsingu þessari:

A. Uppdráttur deiliskipulags dags. 7.9.2010, sem sýnir afmörkun lóðarinnar S-2 í Hvanngili að Fjallabaki syðra í Rangárþingi ytra, unninn af Oddi Hermannssyni Landformum ehf.